



rammaaaetlun@rammaaaetlun.is

b.t. Herdísar Schopka
umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Skuggasundi 1, 101 Reykjavík

13. desember, 2013

Athugasemdir við tillögu Verkefnisstjórnar 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu (rammaáætlunar) um flokkun virkjunarkosta

Almennar athugasemdir

NASF, verndarsjóður villtra laxastofna, gerir alvarlegar athugasemdir við tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu (rammaáætlunar) um flokkun virkjunarkosta.

Því ber að fagna að fram komnar tillögur byggja á álitum úr *Skýrslu um laxfiska í Þjórsá* og *Niðurstöðu faghóps*, sem staðfestu að athugasemdir NASF um óvissu og ófullnægjandi þekkingu og undirbúning Landsvirkjunar vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár voru réttmætar.

Við viljum þó gera þær athugasemdir að núverandi hugmyndir um að óhætt sé að ráðast í tilraunastarfsemi með því að færa Hvammsvirkjun í orkunýtingarflokk byggja á fölskum forsendum.

Í fyrsta lagi fékk faghópur náttúrufræðinganna mjög þröng og leiðandi fyrirmæli þegar hann var beðinn um að leggja mat á fyrirhugaðar virkjanir. Hann var ekki beðinn um að meta virkjunarkosti útfrá áhrifum þeirra á náttúruna heldur hvort óvissu hefði verið eytt til þess að unnt væri „að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik.“ Svo leiðandi fyrirmæli eru ótæk þegar leitað er eftir faglegu álitum á umhverfisáhrifum framkvæmda. Auk þess er rétt að benda á að faghópurinn hefur líka fengið afar nauman tíma til að sinna sínu hlutverki og væntanlega þess vegna ekki náð að átta sig á málinu í heild sinni.

Í öðru lagi mótmælum við því að faghópurinn geti gefið sér það sem forsendu að gera „greinarmun á þeim svæðum í Þjórsárkerfinu þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna atbeina mannsins.“ Allt umhverfi á Íslandi hefur tekið breytingum frá því fyrir landnám, „vegna atbeina mannsins“. Því er ekki um það að ræða að flokka umhverfisáhrif með þessum hætti. Sérstaklega á þetta við um allt vatnakerfi Þjórsár og áhrif þess á landi og langt út á fiskimið í sjó. Umhverfisáhrif „vegna atbeina mannsins“ með virkjunum í Þjórsá eru nú þegar orðin umtalsverð og ekki hægt annað en að meta áhrif fyrirhugaðra virkjana á umhverfið eins og það er núna. Öll önnur flokkun leiðir óðara í rökfræðilegar ógöngur. Eins og staðan er núna er 48% af útbreiðslu laxins ofan Búða, vegna laxastigans sem gerður var fiskgengur árið 1991. Síðan er liðinn hátt í mannsaldur, eins og miðað var við áður fyrr, og núverandi útbreiðsla laxfiska í Þjórsá hefur mótað hugmyndir um landnytjar, veiðinytjar, verð á jörðum og framtíðaráform fólks á svæðinu allan þennan tíma. Við teljum því ótækt að taka ekki sama tillit til laxfiska ofan og neðan Búða. Í stuttu máli þá hefur faghópurinn ekki forsendur til að álykta um grundvöll sem er ekki lengur

til og sú óvissa sem er staðfest um áhrif neðri virkjananna tveggja, Holta- og Urriðafossvirkjunar, á jafn vel við um Hvammsvirkjun – eins og fram kemur í ofangreindum skýrslum. Ekkert réttlætir því að fórna lífríkinu ofan Búða í tilraunaskyni – í nafni fyrirfram gefinna hugmynda um upprunalegt lífríki í ánni.

Í þriðja lagi er umhverfismatið sem byggt er á frá árinu 2003. Það er nú formlega útrunnið, auk þess sem það var aldrei fullnægjandi eins og nú er komið á daginn. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að Landsvirkjun hefur á hverju ári frá 2003 verið að breyta og bæta við hönnun virkjananna þriggja. Ef á að skoða ofangreinda tillögu verður að fara fram umhverfismat á núverandi margbreyttri hönnun; sem Landsvirkjun staðfestir að sé hvergi nærri lokið.

Í fjórða lagi vantar enn upplýsingar sem Landsvirkjun hefur ekki látið í té, m.a. um rennsli, upp- og niðurgöngur og hrygningaraðstæður. Margir tugir sérfræðinga sem vitnað er til í skýrslum til Verkefnastjórnar eru einhuga um að rannsóknir skorti, afar lítil þekking sé á göngu- og staðbundnum fiskstofnum, allar hugmyndir um seiðaveitur byggist á ágiskunum, engar forsendur séu til að niðurgöngulaxar komist óskaddaðir til sjávar, og engar viðbragsáætlanir séu fyrirbyggjandi. Landsvirkjun viðurkennir að seiðaveiturnar séu tilraun og engin vissa sé um árangur af þeim. Má hér benda á að Landsvirkjun hefur enga tilraun gert til að tryggja ferðir niðurgöngufiska, engar skipulagðar viðbragðsáætlanir eru fyrir hendi og engin skýr vöktun á helstu vistfræðiatríðum.

Loks skal á það bent að ekkert samráð hefur verið haft við eigendur veiðiréttinda í Þjórsá. Þó að við getum ekki talað í þeirra nafni er það ótækt að fara fram með jafn umfangsmikil og einhliða áform um gjöreyðingu á lífríki og hlunnindum fjölda jarða – án slíks samráðs. Yrðu vinnubrögð af þessu tagi látin óátalin vektu þau almennan ugg og ótta um að yfirvöld geti vel hugsað sér að líða slíkan yfirgang víðar. Hvorki Alþingi né Landsvirkjun hafa haft fyrir því að funda með veiðiréttareigendum í þessu ferli og nú hefur verkefnastjórn bæst í þennan flokk. Veiðifélag Þjórsár hefur það lögbundna hlutverk að annast varðveislu og hagsmunagæslu veiðiréttinda í Þjórsá og er hér lagt til að verkefnastjórn hafi samráð við eigendur veiðiréttinda áður en lengra er haldið.

Sértækar athugasemdir

EKKI hefur tekist að hafa samráð við hina erlendu aðila sem eru NASF til ráðgjafar en við viljum þó koma strax með eftirfarandi sértækar athugasemdir við faglega vinnslu málsins:

Rennsli

Að beiðni verkefnisstjórnar Rammaáætlunar unnu þeir Skúli Skúlason og Haraldur Rafn Ingason skýrslu þar sem mat var lagt á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar. Skýrslan kom út í október 2013 og þar er lýst áhyggjum af litlu og óreglulegu flæði í árfarveginum neðan stífla. Það getur hindrað för fiska upp og niður ána auk þess sem svæði til hrygninga og uppeldis seiða tapast. Dr. Margaret Filardo, sérfræðingur í göngufiski og stíflum, hefur tekið heilshugar undir þessar áhyggjur.

Í þurru ári, sem reikna má með annað hvert ár, má búast við að rennsli neðan stífla fari undir 20 m³/s stóran hluta ársins (5-6 mánuði). Skúli og Haraldur hafa sérstaklega áhyggjur af svæðinu neðan Búða, en Veiðimálastofnun hefur mælt með að þar fari rennsli ekki undir 30 m³/s og að flæði í Murneyrarkvísl verði haldið óbreyttu. Í núverandi áætlunum Landsvirkjunar er ennþá gert ráð fyrir 15 m³/s lágmarksrennsli á þessu svæði og enn er eftir að ákvarða rennsli í Murneyrarkvísl.

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar sendi 22. október 2013 erindi til Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir nánari skýringum varðandi útfærslu virkjunarkosta. Þar er vikið að rennsli og m.a. farið fram á rökstuðning fyrir lágmarkstölum um rennsli m.t.t. markmiða um göngur og

búsvæði laxfiska. Sérstaklega er óskað eftir nánari upplýsingum um rennsli í vestari kvísl Þjórsár neðan Búðafoss og að gerð verði grein fyrir aðgerðum til að tryggja rennslisáætlun og stjórn á óreglulegum rennslissveiflum. Jafnframt er óskað eftir tilvísunum í tiltækar rannsóknir og heimildir sem ákvarðanir um lágmarksrennsli og rennslisstýringu byggja á.

Í svari Landsvirkjunar, sem barst 31. október 2013, er þessum athugasemdum sinnt að mjög takmörkuðu leiti og hvergi er vísað í rannsóknir eða heimildir til að styðja fullyrðingar í tengslum við rennsli og/eða afkomu fiska.

Fyrir neðan stíflur má búast við einungis 10-15 m³/s flæði nokkra mánuði yfir árið annað hvert ár. Þessi tímabil munu því telja u.þ.b. 25% af rekstrartíma virkjananna.

Hafa komið fram fullnægjandi gögn sem styðja það að svo lítið flæði svo langtímum skiptir sé fullnægjandi til að fiskur geti haldið áfram að ganga upp þessi svæði?

Ef lágmarksrennslið reynist ekki nóg til að viðhalda fiskgengd hvaða aðgerðir munu þá koma til af hálfu Landsvirkjunar?

Hvaða rannsóknir liggja að baki fullyrðingum og áætlunum Landsvirkjunar í tengslum við rennsli og áhrif þess á afkomu laxfiska?

Seiðafleytur

Dr. Hans-Petter Fjeldstad, sérfræðingur í laxfiskum og vatnsaflsvirkjunum, varar við því að heimfæra árangur frá öðrum virkjanaverkefnum yfir á fyrirhugaðar framkvæmdir annars staðar. Hann bendir á að lausnir fyrir einstakar virkjanir í séu oft á tíðum mjög sértækar og afar kostnaðarsamar. Dr. Margaret Filardo er sama sinnis, en hún hefur langa reynslu af þróun mótvægisáðgerða í Columbia ánni. Þar þurfa vísindamenn oft að kljást við ákveðin vandamál svo árum skiptir, jafnvel án þess að fullnægjandi árangur náist nokkurn tíman. Margaret hefur einnig bent á að áætlanir Landsvirkjunar tengdar hlutfalli seiða sem fara um seiðafleytur (90-95%) og lífslíkur þeirra (næstum 100%) séu mun bjartsýnari en efni standa til.

Sé þetta haft í huga verður að segjast að mat Landsvirkjunar á væntanlegum árangri mótvægisáðgerða er vægast sagt djarft. Víða má finna stórar fullyrðingar og afdráttarlaus sannfæringu um að mótvægisáðgerðir verði árangursríkar. Í svari Landsvirkjunar til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar (31. október 2013) má m.a. finna eftirfarandi fullyrðingu: „Byggð verður seiðafleyta við Hvammsvirkjun sem er sambærileg við seiðafleytuna við Urriðafossvirkjun. Allar niðurstöður líkantilrauna við Urriðafossvirkjun er hægt að yfirfæra yfir á seiðafleytuna við Hvammsvirkjun.“

Er eðlilegt að áætlanir tengdar afkomu laxfiska geri almennt ráð fyrir bestu mögulegu útkomu þegar þær innihalda í raun ótalmarga óvissuþætti?

Hefur Landsvirkjun gert kostnaðaráætlanir tengdar mótvægisáðgerðum?

Ef einhverjar mótvægisáðgerðir bera ekki árangur hversu miklu viðbótarfé er fyrirtækið tilbúið að verja til lagfæringa?

Er réttlæt看legt að Hvammsvirkjun verði notuð sem eins konar tilraunaverkefni til að fá úr því skorið hvort seiðaveitur o.fl. úrræði til verndar fiskistofnum virki?

Stærðir fiskistofna

Enn hafa ekki verið gerðar stofnstærðarmælingar á laxfiskum í Þjórsá. Sú þekking sem er til staðar á að mestu við um laxa, en litlar upplýsingar eru til um stofna urriða og sjóbirtings.

Enn minna er vitað um bleikju í Þjórsá, en stofninn er að öllum líkindum mjög lítill og í hættu á að deyja út verði af framkvæmdum.

Stofnstærðarmælingar í Þjórsá eru algjört grundvallaratriði því ógerlegt er að meta tjón á óþekktri stærð fiskistofna. Að sama skapi yrði illmögulegt að leggja mat á það hvort mótvægisáðgerðir skiluðu árangri. Það væri svipað og að ætla sér að minnka brottfall nema úr framhaldsskólum án þess að vita hversu margir nemendur væru skráðir í nám til að byrja með.

Hversu stórir eru stofnar laxfiska í Þjórsá og þverám hennar?
Hvernig er staða minnstu stofnanna í ánni?

Hvers vegna er vinna við stofnstærðarmælingar ekki löngu hafin?
Ítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að framkvæma stofnstærðarmælingar á laxfiskum í Þjórsá. Umhverfismat kom út árið 2003. Ef Landsvirkjun er í raun umhugað um afkomu laxfiska í Þjórsá gæti núna verið til áratugar virði af gögnum um stærðir fiskistofna í ánni.

Botndýr

Seiði laxfiska sem alast upp í straumvatni nærast á botndýrum, þ.e. skordýralirfum og öðrum smádýrum sem rekur með árvatninu. Fjöldi og þéttleiki botndýra í Þjórsá og þverám hennar er afar mikill, sem bendir til þess að fæðuskilyrði fyrir laxfiska í ánni séu góð. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og þveráa hennar (VMST-S/02001) eru tekin saman fæðugögn fyrir laxa- og urriðaseiði. Aðaluppstaðan í fæðu þeirra eru rykmýs-, bitmýs- og vorflugulirfur.

Í skýrslunni er bent á að mikið sé af mikilvægum fæðusvæðum fyrir laxfiska í fyrirhuguðum lónstæðum, sem og á köflum árinna þar sem búast má við skertu rennsli í kjölfar framkvæmda. Aukið vatnsdýpi, tíðar rennslisbreytingar, þurrkar og flóð í árfarvegi eru allt þættir sem koma til með að hafa neikvæð áhrif á botndýrafánu árinna. Höfundar skýrslunnar kalla eftir frekari rannsóknum á áhrifum lónamyndunar og rennslisjöfnunar á tegundasamsetningu og þéttleika botndýra.

Í umhverfismati er stuttlega gerð grein fyrir botndýrum í Þjórsá, þar sem minnst er á helstu tegundahópa og gerð grein fyrir þéttleika botndýra. Hvergi er rætt um þau neikvæðu áhrif sem líklegt er að virkjanir muni hafa á botndýrafánu árinna.

Hvernig verður haft eftirlit með botndýrum og fæðuskilyrðum fyrir laxfiska á ólíkum svæðum Þjórsár sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdum?

Það er ekki nóg að laxfiskar komist upp og niður ána. Ef búsvæði botndýra hafa verið eyðilögð svelta seiðin og fiskur þrífst ekki í ánni.

Ef hrun verður í botndýrastofnum og fæðubrestur er yfirvofandi, hvernig verður brugðist við?

Aurskolun úr lónum

Svör Landsvirkjunar á opnum fundi 19. nóvember 2013 stangast á við upplýsingar úr Umhverfismatsskýrslu Urriðafossvirkjunar, en þar segir í kafla 10.2.2: „*Seti sem sest til neðar í lóni þarf að koma burt. Gert er ráð fyrir að aurnum verði skolað út um árlökur, en reynslan af rekstri virkjunar mun skera úr um hve oft þarf að skola úr lóninu. Samhliða miklu rennsli í ánni verða árlökur opnaðar og straumur árinna mun hrífa setið með sér. Reiknað er með að þetta ferli taki um 3 – 5 daga í hvert sinn. Meðan á þessu stendur verður mikið rennsli, um 600 – 800 m³/s í farvegi Þjórsár neðan stíflu, straumur verður stríður og reikna má með að það verði nokkuð mikill aur með vatninu.*“

Árið 2008 gaf Landsvirkjun út skýrsluna Urriðafossvirkjun – Umhverfisþættir. Mótvægisáðgerðir og vöktun (LV-2008/117). Þegar fjallað er um aurburð (bls. 18) er vísað í

fyrirgreindan texta úr Umhverfismatinu: „Fjallað er um aurskolun úr lóninu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Ekki má skola þegar göngur laxfiska standa yfir, jafnt seiða sem fullorðinna fiska.“

Á fundinum þann 19. nóvember kom hins vegar fram að Landsvirkjun hyggist ekki skola jökulleir úr lónum, heldur dæla öllu botnfalli upp á bakka lónanna. Það er óljóst hvenær þessi viðsnúningur hefur orðið, þar sem reiknað er með aurskolun í Umhverfismatinu og það verklag er síðan staðfest í skýrslu um mótvægisaðgerðir og vöktun frá 2008.


Taka þarf af allan vafa um það hvort skola á út úr lónum eða ekki. Í bæði Umhverfismati og skýrslu um mótvægisaðgerðir segir að dæling og aurskolun muni ekki eiga sér stað á göngutíma laxfiska.

Það er nauðsynlegt að skilgreina þau tímabil þar sem þetta verður óheimilt
Hver miklu magni er reiknað með að dæla þurfi úr hverju lónanna þriggja?
Á fyrstu 10 árum virkjananna
Eftir fyrstu 10 árin
Efnishaugar
Hvernig verður uppgræðsla jarðvegshauga útfærð?
Hver ber ábyrgð á að ekki verði uppfok úr efnishaugum?

Í öllu athugunarferli NASF hefur reynst erfitt að fá upplýsingar um hvað var gert í undirbúningsferlinu; hvað hefur verið rannsakað og hvað ekki. Því meira sem við höfum kafað niður í málið því meira hefur komið í ljós hvað rannsóknarþættirnir hafa verið vanræktir. Þetta hafa nú hinir fjölmörgu vísindamenn sem komið hafa að málinu undanfarna mánuði ítrekað staðfest. Landsvirkjun stenst ekki á neinn hátt þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja sem fá aðild að svokölluðu UN Global Compact um samfélagsábyrgð.

NASF telur að ekki verði með neinum hætti hægt að réttlæta ofangreind tillögudrög og því hvetjum við verkefnastjórn til að þau verði strax afturkölluð.

Virðingarfyllst,



Orri Vigfússon

NORTH ATLANTIC SALMON FUND,

Skipholt 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel: + 354 568 6277 - Fax: +354 588 4758 - nasf@vortex.is - www.nasfworldwide.com